



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

2016



Kæri lesandi,
velkominn í Listasafnið á Akureyri!

Við **kynnum** stolt fjölbreytta dagskrá ársins 2016.

Samsýningar á verkum ólíkra listamanna, fjölbreyttar einkasýningar og sérstakar þemasýningar eru **framundan**. Íslenskir og erlendir listamenn; eldri og reyndari ásamt ungum og **upprennandi** listamönnum. Þannig ættu allir að fá eitthvað við sitt hæfi.

Á síðasta ári **fjölgaði** gestum Listasafnsins um rúm 30% og við erum sérstaklega ánægð með mikla fjölgun **skólaheimsóknna**. Ánægðir gestir á öllum aldri eru eitt af því sem okkur finnst mikilvægast og gleður mest.

Fræðsla, fyrirlestrar, leiðsagnir og **safnkennsla** er meðal þess sem við höfum lagt aukna áherslu á í starfi Listasafnsins á Akureyri. Það er **ánægjulegt** hvað allt þetta hefur fengið jákvæðar viðtökur og við ætlum að gera enn betur á þessu sviði.

Á döfinni eru miklar breytingar á húsnæði Listasafnsins. Aðstaða fyrir gesti batnar til muna, safnið verður **aðgengilegra** fyrir hreyfihamlaða og nýir glæsilegir sýningarsalir verða opnaðir sem bjóða upp á mikla möguleika. Í framtíðinni munum við geta haft fasta sýningu á verkum úr safneigninni sem hægt verður að ganga að sem vísri og gegna mun **mikilvægu** hlutverki í öllu fræðslustarfi Listasafnsins.

Það er því ástæða til að fagna árinu 2016 með fjölda sýninga og viðburða, **blómstrandi** Listasumri og gjörningahátíðinni A! sem sló rækilega í gegn á síðasta ári. **Listagilið** með öllum sínum fjölbreytileika er rós í hnappagat Akureyrar og við bjóðum ykkur öll **velkomin** til okkar.

Takk fyrir komuna á Listasafnið á Akureyri og við **hlökkum til að** sjá þig fljótt aftur.

Hlynur Hallsson,
safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.

Dear reader,
welcome to Akureyri Art Museum!

It is with pride that we **present** the diverse program of Akureyri Art Museum in 2016.

Group exhibitions by different artists, diverse solo exhibitions and special theme exhibitions lie **ahead**. These feature Icelandic and foreign artists; older and more experienced artists along with young and **up-and-coming** artists, so everyone should be able to find something of interest.

In the past year, the number of visitors to Akureyri Art Museum **increased** by more than 30% and we are particularly pleased with the significant increase of **school visits**. Satisfied visitors of all ages are something we value greatly and are particularly happy about.

As a part of the operations of Akureyri Art Museum we have placed increased emphasis on **education**, presentations, guided tours and museum lessons. It is **pleasing** to see that our efforts have received positive response and we intend to do even better in these areas.

Extensive changes to the museum's facilities are coming up. Visitor facilities will improve greatly, the museum will be made more **accessible** for persons with reduced mobility and new and grand exhibition halls, offering exciting new possibilities, will be opened. In the future we will be able to install a permanent exhibition with art from the museum's collection, which will be a fixed feature and serve an **important** role in the museum's overall educational efforts.

It is therefore ample reason to celebrate the year 2016 with a multitude of exhibitions and events, a **blossoming** Summer Arts Festival and the art performance festival A!, which proved a big hit last year. **The Arts' Street** with all its multiplicity provides yet another reason for Akureyri to feel proud—you are all **welcome to** visit us.

Thank you for coming to Akureyri Art Museum and we are looking forward to seeing you again soon.

Hlynur Hallsson,
Director of Akureyri Art Museum.

Sýningar 2016

Listasafnið

16. janúar - 13. mars	Jón Laxdal Halldórsson – ...úr rústum og rusli tímans
16. janúar - 28. janúar	Samúel Jóhannsson – Samúel
30. janúar - 11. febrúar	Jonna – Jónborg Sigurðardóttir – Völundarhús plasticsins
13. febrúar - 25. febrúar	Baldvin Ringsted – Snarstefjun, annar hluti: Bárufjárnsárin
27. febrúar - 13. mars	Noemi Niederhauser – Ráfandi skruðganga
19. mars - 29. maí	Samsýning, ljósmyndir – Fólk
11. júní - 21. ágúst	Samsýning – Nautn / Conspiracy of Pleasure
27. ágúst - 23. október	Gunnar Kr. – Formsins vegna
29. október - 8. janúar 2017	Joan Jonas – Undir jökli
29. október - 8. janúar 2017	Ásdís Sif Gunnarsdóttir – Ríging í þoku

Listasafnið, Ketilhús

23. janúar - 28. febrúar	Samsýning – í drögum / Prehistoric Loom IV
5. mars - 24. apríl	Samsýning – Sköpun bernskunnar 2016
30. apríl - 15. maí	Nemendur listnáms- og hönnunarbrautar VMA – Útskriftarsýning
21. maí - 28. ágúst	Arkitektúr og Akureyri
1. september - 4. september	A! Gjörningahátíð
10. september - 13. nóvember	Thora Karlsdóttir – Kjólagjörningur
26. nóvember - 11. desember	Nemendur listnáms- og hönnunarbrautar VMA – Útskriftarsýning

Exhibitions 2016

Akureyri Art Museum

January 16 th - March 13 th	Jón Laxdal Halldórsson – ...from the ruins and rubbish of time
January 16 th - January 28 th	Samúel Jóhannsson – Samúel
January 30 th - February 11 th	Jonna – Jónborg Sigurðardóttir – Labyrinth of Plastic
February 13 th - February 25 th	Baldvin Ringsted – Improvisation, Part Two: The Heavy Metal Years
February 27 th - March 13 th	Noemi Niederhauser – The Wandering Parade
March 19 th - May 29 th	Group exhibition, photographs – People
June 11 th - August 21 st	Group exhibition – Nautn / Conspiracy of Pleasure
August 27 th - October 23 rd	Gunnar Kr. – For the Sake of the Form
October 29 th - January 8 th 2017	Joan Jonas – Under the Glacier
October 29 th - January 8 th 2017	Ásdís Sif Gunnarsdóttir – Misty Rain

Akureyri Art Museum, Ketilhús

January 23 rd - February 28 th	Group exhibition – Prehistoric Loom IV
March 5 th - April 24 th	Group exhibition – Creation of Childhood 2016
April 30 th - May 15 th	Visual art and textiles students at Akureyri Comprehensive College – Final Projects
May 21 st - August 28 th	Architecture & Akureyri
September 1 st - September 4 th	A! Performance Festival
September 10 th - November 13 th	Thora Karlsdóttir – Dress Performance
November 26 th - December 11 th	Visual art and textiles students at Akureyri Comprehensive College – Final Projects

Jón Laxdal Halldórsson

...úr rústum og rusli tímans

Listasafnið á Akureyri, 16. janúar - 13. mars

Jón Laxdal Halldórsson (f. 1950) nam heimspeki við Háskóla Íslands og gaf út sína fyrstu ljóðabók árið 1974. Jón var einn þeirra sem stóðu að blómlegri starfsemi Rauða hússins á Akureyri og setti þar upp sína fyrstu einkasýningu árið 1982. Klippimyndir hafa verið hans helsta viðfangsefni allar götur síðan. Verkum Jóns má lýsa sem ljóðrænni naumhyggju en þau spanna í raun mun víðara svið. Verk hans hafa verið sýnd á fjölmörgum sýningum víðs vegar um heim og þau er að finna á fjölda safna.

Á sýningunni *...úr rústum og rusli tímans* má sjá verk frá löngum ferli Jóns Laxdal Halldórssonar sem myndlistarmanns ásamt nokkrum nýjum verkum sem gerð voru sérstaklega fyrir sýninguna.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

Jón Laxdal Halldórsson


...from the ruins and rubbish of time

Akureyri Art Museum, January 16th - March 13th

Jón Laxdal Halldórsson (born 1950) studied philosophy at the University of Iceland and published his first poetry book in 1974. He is one of those who contributed to the vibrant operations of Rauða húsið gallery in Akureyri and put up his first solo exhibition there in 1982. Since then, collages have been his main medium. Jón's works can be described as poetic minimalism, while in fact they cover a much wider spectrum. His works have been displayed in a myriad of exhibitions around the world and they have been acquired by a number of museums and private collectors.

The exhibition *...from the ruins and rubbish of time* features works from Jón Laxdal Halldórsson's long career as a visual artist, along with some newer pieces, which he made specifically for the exhibition.

Curator: Hlynur Hallsson.



Efnagerð

Jón Laxdal Halldórsson

Samsýning

í drögum / Prehistoric Loom IV

Listasafnið á Akureyri, Ketilhús, 23. janúar - 28. febrúar

Sýningin *í drögum / Prehistoric Loom IV* skoðar teikninguna sem tímabil í ferli listsköpunar, nánast hulið ferli sem markar andartak milli hugsunar og framkvæmdar. Í þessu óræða rými má greina bergmál persónulegra og faglegra tengsla sem einkenna samfélög listamanna. *í drögum / Prehistoric Loom IV* er ávöxtur þeirra sambanda sem mynduðust hjá meistaranemum við Glasgow School of Art í Skotlandi árið 2014.

Sýningin var fyrst sett upp í No Toilet Gallery í Seoul í Suður-Kóreu, því næst í Yada Shimin Gallery í Nagoya í Japan og nú síðast á listahátíðinni Glasgow Open House Art Festival, vorið 2015. Segja má að sýningin, eða sýningarröðin, sé lífræn í formi þar sem hún breytist í hverri borg. Nýir listamenn bætast við og koma þannig með ný innlegg í hið sídýpkandi samtal. Að þessu sinni sýna 26 listamenn víðs vegar að úr heiminum, þar af sjö íslenskir.

Sýningarstjórar: Elísabet Brynhildardóttir og Selma Hreggviðsdóttir.

Group exhibition

í drögum / Prehistoric Loom IV

Akureyri Art Museum, Ketilhús, January 23rd - February 28th

The exhibition *í drögum / Prehistoric Loom IV* explores drawing as a period in artistic creation, a hidden process that forms a pause between thought and production. In this ambiguous space we detect a faint echo of personal and professional relationships between artists. The exhibition is the result of relations between MFA graduates of Glasgow School of Art in Scotland, 2014.

The first exhibition took place in the No Toilet Gallery in Seoul, South-Korea, after that in Yada Shimin Gallery in Nagoya, Japan, and most recently at the Glasgow Open House Art Festival in the spring of 2015. In each city the exhibition, or exhibition series, takes on a gentle metamorphosis where new artists are added, bringing new inputs to an ever deepening conversation. For this occasion, the work of 26 artists will be displayed, seven of whom are Icelandic.

Curators: Elísabet Brynhildardóttir and Selma Hreggviðsdóttir.



Fossandi

Elísabet Brynhildardóttir



Untitled

Kirsty Palmer

Samúel Jóhannsson
Samúel

Listasafnið á Akureyri, Vestursalur, 16. - 28. janúar

Samúel Jóhannsson er fæddur á Akureyri 1946. Hann vakti fyrst athygli 14 ára gamall fyrir sérkennilegar andlitsmyndir á skólasýningu Gagnfræðaskóla Akureyrar. Hann hefur verið virkur í myndlist samfelld frá árinu 1980 og vinnur með akrílmálningu, vatnsliti, blek, lakk og járn.

Líkt og á fyrri sýningum Samúels er viðgangsefnið mannlíkaminn og andlitið. Að þessu sinni einbeitir hann sér fremur að túlkun andlitsins en formum hinna ýmsu líkamshluta. Myndmálið er sterkt, bæði hvað varðar liti og form og svipbrigði andlitsins er hrjúft. Stundum virðist Samúel vinna með „óbærilegan léttleika tilverunnar“ – hughrif sem skapa léttúð og þunga í senn, en eru ekki svo fjarri manneskjunni þegar á allt er litið.

Myndlistasýningar Samúels eru orðnar fjölmargar. Hann hefur haldið rúmlega 30 einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis, síðast í sýningu Listasafnsins *Sköpun bernskunnar* vorið 2015.


Samúel Jóhannsson
Samúel

Akureyri Art Museum, West Room, January 16th - 28th

Samúel Jóhannsson was born in Akureyri in 1946. He first garnered attention at age 14 for unusual portraits, which he had made for an art exhibition held at his school, Gagnfræðaskóli Akureyrar. Since 1980, he has worked consecutively as a visual artist, mainly using acrylic paint, ink, varnish and iron.

As in Samúel's former exhibitions, the human body and the face are his subjects. This time he focuses on the interpretation of the face rather than the shapes of different body parts. The imagery is strong, both in regard to colours and form, and the harsh expression of the face. Sometimes Samúel appears to be working with “the unbearable lightness of being” — impulses which lead to light-heartedness and seriousness at the same time, which, at the end of the day, aren't exactly foreign to the human being.

Samúel has been involved in several art exhibitions in his career. He has held more than 30 solo exhibitions and participated in a number of group exhibitions in Iceland and abroad, the last of which was *Creation of Childhood* in Akureyri Art Museum in the spring of 2015.



Jonna – Jónborg Sigurðardóttir
Völundarhús plastsins

Listasafnið á Akureyri, Vestursalur, 30. janúar - 11. febrúar

Völundarhús plastsins er innsetning sem á að gera áhorfendur meðvitaða um umhverfisáhrif plastnotkunar. Undanfarin ár hefur Jonna (f. 1966) unnið ýmis verk innblásin af ofneyslu og sóun. Hún vill vekja athygli á að hver manneskja getur lagt sitt af mörkum í umhverfismálum, svo sem með endurnýtingu og notkun fjölnota innkaupapoka. Jonna mun vinna verk úr endurunnu plasti í „klefanum“ í Vestursal Listasafnsins meðan á sýningu stendur.

Jonna útskrifaðist úr fagurlistadeild Myndlistaskólans á Akureyri vorið 1995 og sem fatakönnuður frá Københavns Mode- og Designskole 2011. Myndlist hennar spannar vítt svið, allt frá málverki til innsetninga. Hún hefur verið mjög virk í listalífinu á Akureyri síðustu árin; haldið einkasýningar, tekið þátt í samsýningum og staðið fyrir upptökum.

Jonna – Jónborg Sigurðardóttir
Labyrinth of Plastic

Akureyri Art Museum, West Room, January 30th - February 11th

Labyrinth of Plastic is an installation, which is intended to make viewers more aware of the environmental consequences of the use of plastic. In the past years Jonna (born 1966) has made a number of works inspired by overconsumption and waste. Her aim is to raise awareness of the fact that each person can contribute to environmental issues, such as by recycling and acquiring reusable shopping bags. For the duration of the exhibition, Jonna will work on her art creation from recycled plastic in “the cell” in the west end of the art museum.

Jonna graduated from the fine art department of Akureyri School of Visual Arts in 1995 and as a fashion designer from Copenhagen Academy of Fashion and Design in 2011. Her visual art is diverse, ranging from paintings to installations. Jonna has been very active on the art scene in Akureyri in the past years; held solo exhibitions, participated in group exhibitions and organised performances and events.



Baldvin Ringsted
Snarstefjun, annar hluti: Bárújárnsárin
Listasafnið á Akureyri, Vestursalur, 13. - 25. febrúar

Baldvin Ringsted (f. 1974) vinnur með ýmis efni og miðla; innsetningar, málverk, skúlptúra, hljóð og vídeó. Hann hefur sýnt víða um heim, bæði á samsýningum og einkasýningum. Baldvin sækir efnistöð verkanna oftast að einhverju leyti í þekkingu sína og reynslu af tónlist og hljóðfæraleik. Verk hans skoða annars vegar sambandið á milli hljóðs og mynda og hins vegar á milli sögu og strúktúrs.

Sýningin *Snarstefjun, annar hluti: Bárújárnsárin* er framhald á vinnu Baldvins með tónlist og tungumál sem og tilraunir með strúktúr og afbyggingu í málverki. Baldvin: „Mikilvægur hluti sköpunarferlisins er þegar ég set mér ramma eða einhvers konar reglur í upphafi vinnunnar, líkt og vanalega er gert í snarstefjun (e. improvisation) í jass- og blústónlist. Ferlið á sér líka sterka skírskotun í tónverkum nútímatónskálda á borð við John Cage og Steve Reich.“

Baldvin Ringsted
Improvisation, Part Two: The Heavy Metal Years
Akureyri Art Museum, West Room, February 13th - 25th

Baldvin Ringsted (born 1974) works with diverse materials and media: installations, paintings, sculptures, sounds and video. He has exhibited his work around the world and in Iceland, both in solo and group exhibitions. His subject matter often originates in his musical background and his experience of playing instruments. His works explore the relationship between sound and images, on the one hand, and history and structure, on the other.

The exhibition *Improvisation, Part Two: The Heavy Metal Years* is a continuation of his work with music and language, as well as experiments with structure and deconstruction in painting. Baldvin: “An important part of the process is when I make a framework for myself or some sort of rules in the early stages of creation, as is usually done in improvisation for jazz and blues music. The process also has a strong reference to the music of contemporary composers such as John Cage and Steve Reich.”



There Will Come Soft Rains
Baldvin Ringsted

Noemi Niederhauser
Ráfandi skróðganga
Listasafnið á Akureyri, Vestursalur, 27. febrúar - 13. mars

Á dimmum dögum hins íslenska veturs verða mörk tíma og rúms óljós; myrkrið umlykur hvern stein og hvern fjallstind og náttúran virðist yfirfull af leyndarmálum og leyndum atburðum.

Verkefnið fólst meðal annars í því að hanna ljós sem fólk gæti fest á sig. Fólkíð gæti síðan myndað fylkingu og gengið inn í þetta myrkvaða landslag. Manngerð ljós og náttúruleg lýsing vetrarins myndi þannig renna saman og dansa í kringum hina ráfandi skróðgöngu.


Hefðbundnir íslenskir kvenhattar eins og *krókfaldur* og *spaðafaldur* minna á ákveðinn útbúnað; lögun þeirra er eins og höfuðljós sem könnuðir nota til þess að rannsaka leynda hella eða óþekkta skóga. Í hinni ráfandi skróðgöngu rennur maðurinn og hið hannaða töl saman í eitt; úr fólki verður gangandi ljós, samsettir blendingar og afkáralegar mannverur reiðubúnar að ráfa út í hið óþekkta.

Noemi Niederhauser
The Wandering Parade
Akureyri Art Museum, West Room, February 27th - March 13th

Iceland's long winter creates a time lapse where darkness envelops each stone and every mountain, where nature seems to be bursting with secrets and hidden scenes.

The project involves the creation of wearable light devices in order to allow a procession of people to stroll into those darkened landscapes. Artificial lighting and natural winter light merge into an unforeseen choreography dancing around this wandering march.

Traditional Icelandic women's hats, the *krókfaldur* and the *spaðafaldur*, are references for those lighting devices, their shape being reminiscent of headlights used by explorers searching for hidden caves or unexplored forest. *The Wandering Parade* merges the human and the designed object; people become walking light devices, a fabrication of hybridised and disproportionate characters ready to wander into the wild.



My Brother is a Green Parrot
Noemi Niederhauser

Samsýning skólabarna og starfandi listamanna
Sköpun bernskunnar 2016

Listasafnið á Akureyri, Ketilhús, 5. mars - 24. apríl

Þetta er þriðja sýningin undir heitinu *Sköpun bernskunnar*. Hún er sett upp til þess að örva skapandi starf og hugsun allra skólabarna, á aldrinum tveggja til sextán ára. Þátttakendur hverju sinni eru börn, starfandi listamenn og Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi. Sköpun bernskunnar er því samvinnuverkefni í stöðugri þróun og er hver sýning sjálfstæð og sérstök. Sýningin hefur vakið verðskuldaða athygli og er einstök hvað varðar samvinnu myndlistarmanna og barna. Einnig verða sýnd myndverk frá námskeiði sem haldið var í tengslum við *Sköpun bernskunnar 2015* þar sem leiðbeinendur voru Erwin van der Werve og Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir.

Þátttakendur í ár eru: Leikskólarnir Hólmasól, Sunnuhlíð og Pálmholt, leik- og grunnskólar Hríseyjar, grunnskólarnir Naustaskóli og Síðuskóli, Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi og listamennirnir Áki Sebastian Frostason, Anne Balanant, Björg Eiríksdóttir, Elsa Dóra Gísladóttir, Egill Logi Jónsson og James Earl Ero Cisneros Tamidles.

Sýningarstjóri: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

Group exhibition
Creation of Childhood 2016

Akureyri Art Museum, Ketilhús, March 5th - April 24th

This is the third exhibition under the title of *Creation of Childhood*. It was put up in order to stimulate creative work and creative thinking for all school children from the age of two to sixteen. Participants each time are children, working artists, and the Toy Exhibition at Friðbjarnarhús. *Creation of Childhood* is therefore a cooperation under constant development and each exhibition is independent and special. The exhibition has raised well-deserved attention and is unique in regards to cooperation between artists and children. The exhibition will also display works from a workshop, which was held in relations to *Creation of Childhood 2015*, with the instructors Erwin van der Werve and Þóra Sólveig Bergsteinsdóttir.

This year's participants are: The preschools Hólmasól, Sunnuhlíð and Pálmholt, the preschools and elementary schools of Hrísey, the elementary schools Naustaskóli and Síðuskóli, The Toy Exhibition at Friðbjarnarhús, and the artists Áki Sebastian Frostason, Anne Balanant, Björg Eiríksdóttir, Elsa Dóra Gísladóttir, Egill Logi Jónsson and James Earl Ero Cisneros Tamidles.

Curator: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

Þriðjudagsfyrirlestrar
í Ketilhúsinu kl. 17- 17.40



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

Frá **Sköpun bernskunnar 2015**
From **Creation of Childhood 2015**

Frá **Sköpun bernskunnar 2015**
From **Creation of Childhood 2015**

- 19. janúar **Gudrun Bruckel**, myndlistarkona
- 26. janúar **Rachael Lorna Johnstone**, prófessor
- 2. febrúar **Árni Árnason**, innanhússarkitekt
- 9. febrúar **Anita Hirlekar**, fatahönnuður
- 16. febrúar **Claudia Mollzahn**, myndlistarkona
- 23. febrúar **Kristín Margrét Jóhannsdóttir**, aðjúnt
- 1. mars **Helga Kvam**, ljósmyndakennari
- 8. mars **Klængur Gunnarsson og Freyja Reynisdóttir**, myndlistarmenn
- 15. mars **Mille Guldbeck**, myndlistarkona
- 22. mars **Lisa Pacini og Christine Istad**, myndlistarmenn



Allir velkomnir, ókeypis aðgangur

Listasumar á Akureyri 2016



- Myndlist
- Tónlist
- Leiklist
- Bókmenntir
- Hönnun
- Sýningar
- Uppákomur
- Gjörningar

- Visual Art
- Music
- Theatre
- Literature
- Design
- Exhibitions
- Events
- Performances



**Samsýning - ljósmyndir
Fólk**

Listasafnið á Akureyri, 19. mars - 29. maí

Allir hafa séð ljósmyndir af fólki og á tíma sjálfsmyndanna (e. selfies) hafa portrettljósmyndir öðlast nýja merkingu. Á sýningunni *Fólk* koma saman sex ólíkir einstaklingar sem allir eiga sameiginlegt að vinna með ljósmyndir þó að viðfangsefnið „fólk“ sé ef til vill ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar verk þeirra eru skoðuð.

Á sýningunni má sjá fjölbreytt verk; myndir af ungu fólki í dagrenningu, myndir úr neðanjarðalestum Lundúna, fólk á miðaldadögum á Gásum við Eyjafjörð, 13 myndir sem eru teknar á sama sekúndubroti, myndir af konum á sínum eftirlætis stað, og myndir sem ef til vill eru óhlutbundnar. Mannlífið er fjölbreytt og nærvera fólks margbreytileg.

Þátttakendur: Barbara Probst (f. 1964), Hrafnkell Sigurðsson (f. 1963), Hallgerður Hallgrímsdóttir (f. 1984), Hrefna Harðardóttir (f. 1954), Hörður Geirsson (f. 1960).

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

**Group exhibition - photographs
People**

Akureyri Art Museum, March 19th - May 29th

Although everyone has seen photographs of people, portrait photographs have acquired a new meaning in this era of selfies. At the exhibition *People*, six different individuals come together who all have the common trait of working with photographs, even though the subject matter of “people” may not be the first thing that comes to mind when examining their work.


This exhibition displays diverse pieces; photographs of young people at dawn, from the underground of London, of participants at the medieval festival at Gásir, Eyjafjörður, thirteen photographs taken at the same split second, photographs of women at their favourite location, and photographs that can perhaps be considered abstract. Daily life is diverse and people’s presence varies.

Participants: Barbara Probst (born 1964), Hrafnkell Sigurðsson (born 1963), Hallgerður Hallgrímsdóttir (born 1984), Hrefna Harðardóttir (born 1954), Hörður Geirsson (born 1960).

Curator: Hlynur Hallsson.



Athafnakonur
Hrefna Harðardóttir



Morgunn 7:42
Hallgerður Hallgrímsdóttir

**Nemendur listnáms- og hönnunarbrautar VMA
Útskriftarsýningar VMA 2016**

Listasafnið á Akureyri, Ketilhús, 30. apríl - 15. maí / 26. nóvember - 11. desember

Sýningar á lokaverkefnum nemenda hafa lengi verið fastur liður í starfsemi listnáms- og hönnunarbrautar Verkmennaskólans á Akureyri. Sýningarnar eru tvær yfir árið og annars vegar settar upp í lok vorannar og hins vegar í lok haustannar. Þetta er annað árið í röð sem þær eru haldnar í samstarfi við Listasafnið á Akureyri.

Við undirbúning slíkra sýninga velja nemendur sér verkefni eftir áhugasviði þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna sér nýja miðla eða dýpka skilning sinn á þeim sem þeir hafa áður kynnst.

Að baki verkanna liggur hugmynda- og rannsóknarvinna og leita nemendur víða fanga í eigin sköpunarferli, allt eftir því hvað hentar hverri hugmynd og þeim miðli sem unnið er með. Nemendur fá eina önn til að vinna að lokaverkefnum sínum og uppsetningu sýningar í samtali og samvinnu við leiðsagnarkennara og samnemendur þar sem frumkvæði, hugmyndaauðgi og öguð vinnubrögð eru lögð til grundvallar.

**Visual art and textiles students at VMA - the Akureyri Comprehensive College
Final Projects 2016**

Akureyri Art Museum, Ketilhús, April 30th - May 15th / November 26th - December 11th

It has become a tradition to exhibit the final projects of Akureyri Comprehensive College’s art and design students at the Akureyri Art Museum. Two exhibitions are held every year, one at the end of the spring term and one at the end of the fall term. This is the second year in a row that these exhibitions are held in cooperation with Akureyri Art Museum.

When preparing for these exhibitions, students choose an assignment based on their field of interest and have the opportunity to deepen their understanding of mediums which they have encountered before, or acquaint themselves with new ones.

The students have gone through the idea- and research phase in the artistic process and they search high and low for data for their own creative process, depending on what is suitable for each idea and each medium. The students have one semester to work on their final assignments and set up the exhibition in cooperation with an instructor and the other students. The values, on which this process is based, are initiative, creative thinking, and disciplined work methods.



Frá **Útskriftarsýningu 2015**
From **Final Projects 2015**



Frá **Útskriftarsýningu 2015**
From **Final Projects 2015**

Arkitektúr og Akureyri

Listasafnið á Akureyri, Ketilhús, 21. maí - 28. ágúst

Viðfangsefni sýningarinnar er byggingarlist á Akureyri. Í amstri dagsins vill oft gleymast að hlutir og byggingar þess manngerða umhverfis sem við lifum og hrærumst í, voru upphaflega hugmynd sem kviknaði í huga einhversrar manneskju. Sköpunarverk sem birtast okkur fullmótuð byrjuðu öll sem lítil hugmynd.

Á sýningunni má sjá verk starfandi arkitekta á Akureyri. Gestir geta skyggst bak við sjálf verkin og kynnst hugmyndinni eða innblæstrinum að sköpunarverkinu.

Á Akureyri leynast margar perlur í arkitektúr. Nokkrar þeirra verða kynntar og kortlagðar á sýningunni. Þannig gefst gestum kostur á að fræðast um byggingarnar og fá upplýsingar um höfunda. Leiðarvísir verður einnig í boði, fyrir gesti sýningarinnar.

Sýningarstjórar: Helga Björg Jónasardóttir og Haraldur Ingi Haraldsson.

Architecture & Akureyri

Akureyri Art Museum, Ketilhús, May 21st - August 28th

The subject matter of this exhibition is architecture in Akureyri. In the hustle and bustle of everyday life, we tend to forget that the constructions of the man-made environment that we live and breathe in, began as an idea in someone's mind. Every fully formed creation that we come across was originally a small idea.

This exhibition will display the works of architects currently working in Akureyri and the viewers will have the opportunity to get to know the idea or inspiration behind their creations.

Many architectural treasures are located in Akureyri. A few of them will be introduced and mapped at the exhibition. The viewers will thus get the opportunity to learn about the buildings and their creators. A guide will also be available for the viewers.

Curators: Helga Björg Jónasardóttir and Haraldur Ingi Haraldsson.



Akureyrarkirkja / Akureyri Church
Arkitekt / Architect: Guðjón Samúelsson

Café Laut
Hönnun / Design: Kollgáta

Samsýning

Nautn / Conspiracy of Pleasure

Listasafnið á Akureyri, 11. júní - 21. ágúst

Hin ýmsu lögmál og birtingarmyndir nautnar eru útgangspunktur sýningarinnar. Listamennirnir fjalla um hugtakið hver frá sínu sjónarhorni og forsendum og efna til orðræðu um hlutverk nautnar í heimspekilegu, listrænu og veraldlegu samhengi. Í verkunum má sjá þráhyggjukenndar birtingarmyndir neysluhyggju og kynlífs í samtímanum, holdið í myndlistinni, mannslíkamann sem táknrænt fyrirbæri og innblástur eða einfaldlega hina frumstæðu nautn sem oft fylgir listsköpun, í glímunni við efni og áferð, árattu og blæti. Gefin verður út sýningarskrá með texta eftir Markús Þór Andr sson og efnt til fyrirlestra og vinnustofa í tengslum við sýninguna sem verður einnig sett upp í Listasafni  rnesinga í jan ar 2017.

Listamenn: Anna Hallin (f. 1965), Birgir Sigur sson (f. 1960), Eygl  Har ard ttir (f. 1964), Gu n  Kristmannsd ttir (f. 1965), Helgi Hjaltal n Eyj lfsson (f. 1968) og J hann Ludwig Torfason (f. 1965).

S ningarst j rar: Hlynur Hallsson, safnst j ri Listasafnsins   Akureyri, og Inga J nsd ttir, safnst j ri Listasafns  rnesinga.

Group exhibition


Nautn / Conspiracy of Pleasure

Akureyri Art Museum, June 11th - August 21st

The focal point of this exhibition is the various laws and manifestations of pleasure. The artists approach the concept, each from their own perspective and premises; open up a dialogue on the role of pleasure in a philosophical, artistic, and worldly context. The works display obsessive manifestations of modern consumerism and sex life, the flesh in art, the human body as a symbolic phenomenon and inspiration, or simply the primitive pleasure which often accompanies art creation during the struggle with material and texture, compulsions and fetishes. A catalogue will be issued, composed by Mark s Þ r Andr sson, and lectures and workshops will be held in relations to the exhibition. *Conspiracy of Pleasure* will also be put up at L  Art Museum (Listasafn  rnesinga) in January 2017.

Participating artists: Anna Hallin (born 1965), Birgir Sigur sson (born 1960), Eygl  Har ard ttir (born 1964), Gu n  Kristmannsd ttir (born 1965), Helgi Hjaltal n Eyj lfsson (born 1968) and J hann Ludwig Torfason (born 1965).

Curators: Hlynur Hallsson, Director of Akureyri Art Museum, and Inga J nsd ttir, Director of L  Art Museum (Listasafn  rnesinga).



Þraut nr. 8
J hann L. Torfason

Venslakerfi
Eygl  Har ard ttir

Gunnar Kr.

Formsins vegna

Listasafnið á Akureyri, 27. ágúst - 23. október

Myndlist Gunnars Kr. (f. 1956) einkennist af slagkrafti og þunga sem birtist með fjölbreyttum hætti. Hann hefur t.d. teiknað biksvartar blýsólir og logskorið stálblóm. Undanfarin misseri hefur Gunnar notað fislétt og viðkvæmt hráefni til myndgerðar – pappír – sem hann mótar, sker, litar og raðar saman uns tilætluðum áhrifum er náð. Í spennunni milli formrænnar tjáningar listamannsins annars vegar og hráefnisins sem hann notar hins vegar, er feiknarleg orka. Verk Gunnars Kr. líkjast um margt náttúrunni sjálfri; þau eru sterk, form endurtaka sig og fegurðin ríkir – þótt hún sé á stundum ógnvekjandi. Kröftug en þó viðkvæm.

Myndlistarferill Gunnars Kr. Jónassonar spannar þriðjung aldar og hefur hann víða komið við. Á fjölmörgum sýningum hefur hann sýnt málverk, skúlptúra, teikningar og vatnslitamyndir. Gunnar býr og starfar að list sinni á Akureyri.

Sýningarstjóri: Joris Rademaker.

Gunnar Kr.


For the Sake of the Form

Akureyri Art Museum, August 27th - October 23th

The visual art of Gunnar Kr. (born 1956) is characterised by momentum and power, which materialises in a variety of ways. He has, for example, sketched jet black lead suns and carved a steel flower with a cutting torch. In the past months Gunnar has used a very light and delicate material for his art creation: paper, which he moulds, cuts, colours and pieces together until he has achieved the desired effect. Immense energy lies in the tension between the artist's expression through form and the material that he uses. The works of Gunnar Kr. are much like nature itself: strong and beautiful with shapes that repeat themselves — at times frightening. Powerful, yet sensitive.

Gunnar Kr. Jónasson's career spans three decades and he has exhibited his works far and wide. In his multitude of exhibitions he has displayed paintings, sculptures, sketches and watercolour paintings. Gunnar lives and works in Akureyri.

Curator: Joris Rademaker.



Formsins vegna
Gunnar Kr.

A! Gjörningahátíð

Listasafnið á Akureyri, Ketilhús og víðar, 1. - 4. september

Fjögurra daga gjörningahátíð sem haldin er í samvinnu Listasafnsins á Akureyri, Menningarfélags Akureyrar, Leikfélags Akureyrar, LÓKAL alþjóðlegrar leiklistarhátíðar, Reykjavík Dance Festival og KÍM. Sjónlistamenn flytja leikhústengda gjörninga og leikarar setja á svið gjörningatengd leikverk. Ætlunin er að hátíðin verði að reglulegum viðburði á Akureyri og að þátttakendur verði bæði heimamenn og erlendir listamenn.

A! sló í gegn þegar hún var haldin í fyrsta skipti árið 2015 og sóttu 1.500 ánægðir gestir hátíðina. Þátttakendur voru vel þekktir gjörningalistamenn, leikarar og ungir, upprennandi listamenn. Vídeó-listahátíðin *Heim* var haldin á Akureyri á sama tíma sem og „off venue“ dagskrá um allan bæ.

A! Performance Festival

Akureyri Art Museum, Ketilhús and other locations, September 1st - 4th

A four-day performance festival held in cooperation with Akureyri Art Museum, Akureyri culture society (MAK), Akureyri Theatre (LA), LÓKAL international theatre festival, Reykjavík Dance Festival and Icelandic Art Center (KÍM). Visual artists will conduct theatre-based performances and actors will stage performance-based pieces. The idea is for the festival to become a regular event in Akureyri and that the participants be both local artists and artists from abroad.

A! was held for the first time in 2015 and was a success with more than 1.500 happy visitors. Participants at the A! 2015 festival were well-known performance artists, theatre artists and young up-and-coming artists.

At the same time, the video art festival *Heim* (Home) was held in Akureyri as well as “off venue” performances all over town.



Hvað var ég að hugsa?
Brák Jónsdóttir og Freyja Reynisdóttir



Saving History
Katrín Gunnarsdóttir

Thora Karlsdóttir Kjólagjörningur

Listasafnið á Akureyri, Ketilhús, 10. september - 13. nóvember

Thora Karlsdóttir (f. 1962) sýnir afrakstur níu mánaða kjólagjörnings sem stóð yfir frá mars til desember 2015. Að klæða sig í nýjan kjól á hverjum morgni og klæðast kjól til allra verka í 280 daga; 40 vikur; níu mánuði er áskorun sem þarfnast úthalds og elju. Í daglegri skapandi skuldbindingu getur allt gerst! Kjólarnir komu frá fólki sem gaf þá í nafni listarinnar.

Björn Jónsson tók daglega ljósmyndir af Thoru í kjól. Hann átti stóran þátt í ferlinu; hafði áhrif og kom með hugmyndir varðandi staðsetningu og vinnslu myndanna. Í sameiningu gefa þau út bók um *Kjólagjörninginn*.

Thora Karlsdóttir útskrifaðist úr Europäische Kunstakademie í Trier í Þýskalandi 2013. Hún hefur haldið níu einkasýningar og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum bæði á Íslandi og víða erlendis. Thora rekur vinnustofuna *Lifandi vinnustofa* í Listagilinu á Akureyri.


Thora Karlsdóttir Dress Performance

Akureyri Art Museum, Ketilhús, September 10th - November 13th

Thora Karlsdóttir (born 1962) displays the results of a nine month long dress art performance, which was ongoing from March to December 2015. Dressing up in a new dress every morning and wearing a dress for every task, for 280 days; 40 weeks; nine months, is a challenge, which requires stamina and perseverance. When undertaking a daily creative commitment, anything can happen! The dresses were donations from people who gave them for art's sake.

Björn Jónsson photographed Thora in a dress every day. His work was a large part of the process. His comments and ideas influenced the location and processing of the photographs and together Björn and Thora will publish a book on the *Dress Performance*.

Thora Karlsdóttir graduated in 2013 from the Europäische Kunstakademie in Trier, Germany. She has held nine solo exhibitions and participated in numerous group exhibitions, both domestically and abroad. Thora operates the studio *Lifandi vinnustofa* (e. Living Studio) in Listagil, Akureyri.



Prinsessan sem passaði blómin
Thora Karlsdóttir



Fræðslustarf Listasafnsins á Akureyri

Fræðslustarf Listasafnsins er ætlað alls konar hópum:
skólahópum, vinahópum, vinnustaðahópum

Heimsóknir eru bókaðar á netfangið palina@listak.is
Verið velkomin



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

Joan Jonas

Undir jökli

Listasafnið á Akureyri, 29. október 2016 - 8. janúar 2017

Joan Jonas (f. 1936) er einn af áhrifamestu og þekktustu samtímalistamönnum Bandaríkjanna. Hún var fulltrúi Bandaríkjanna á Feneyjartvíæringnum 2015 og hefur sýnt verk sín í nokkrum helstu listasöfnum heims. Joan Jonas er frumkvöðull á sviði vídeó- og gjörningalistar og hefur haft viðtæk áhrif á listamenn, en femínískar áherslur eru áberandi í verkum hennar.

Á sýningunni má sjá myndbands- og hljóðverk sem eru undir áhrifum frá íslenskum sagnaarfi, annars vegar Laxdælu og hins vegar skáldsögu Halldórs Laxness, Kristnihaldi undir jökli, og hafa ekki áður verið sýnd á Íslandi. *Undir jökli* er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri og Listasafns Íslands og verður sett upp samtímis í báðum söfnunum. Stefnt er að fyrirlestri með listamanninum í tengslum við sýninguna.

Sýningarstjórar eru Birta Guðjónsdóttir, deildarstjóri sýningadeildar Listasafns Íslands, og Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.

Joan Jonas

Under the Glacier

Akureyri Art Museum, October 29th 2016 - January 8th 2017

Joan Jonas (born 1936) is one of the best known and most influential contemporary artists in the US. She represented the United States at the Venice Biennale in 2015 and has displayed her work in some of the world's greatest art museums. Joan Jonas is a pioneer in the field of video- and performance art and has had an extensive influence on artists with her feminist emphasis, which is highly profiled, in her works.

The exhibition displays video- and sound pieces, which are inspired by the Icelandic sagas Laxdæla ("The Laxdæla Saga") on the one hand, and Halldór Laxness' novel Kristnihald undir jökli ("Under the Glacier") on the other. This is the first time that these pieces are displayed in Iceland. *Under the Glacier* is a cooperative project between Akureyri Art Museum and the National Gallery of Iceland and will be displayed in both museums simultaneously. A lecture is planned in relation to the exhibitions.

Curators: Birta Guðjónsdóttir, Divisional Manager of the National Gallery of Iceland's exhibition department, and Hlynur Hallsson, Director of Akureyri Art Museum.



Reanimation
Joan Jonas

Ásdís Sif Gunnarsdóttir

Rigning í þoku

Listasafnið á Akureyri, 29. október 2016 - 8. janúar 2017

Ásdís Sif Gunnarsdóttir (f. 1976) hefur vakið athygli fyrir vídeó-innsetningar, ljósmyndaverk og gjörninga. Það er því engin tilviljun að hún setji upp sýningu á nýjum verkum í Listasafninu á Akureyri á sama tíma og frumkvöðullinn Joan Jonas. Líkt og í verkum Jonas er sterkur femínískur undirtónn í verkum Ásdísar Sifjar sem oft er settur fram á ljóðrænan hátt og af tilfinninganæmi. Frásagnir, lífsreynsla og ferðalög konu eru í forgrunni.

Ásdís Sif útskrifaðist með BFA-gráðu frá School of Visual Arts í New York árið 2000 og MA-gráðu frá University of California, Los Angeles 2004. Hún hefur sýnt gjörninga og vídeóverk á Íslandi og víða erlendis og tekið þátt í fjölda samsýninga auk þess að vinna vídeóverk á internetinu.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

Ásdís Sif Gunnarsdóttir

Misty Rain

Akureyri Art Museum, October 29th 2016 - January 8th 2017

Ásdís Sif Gunnarsdóttir (born 1976) has garnered attention for her video installations, photography and art performances. It is therefore no coincidence that her new artworks will be exhibited in Akureyri Art Museum at the same time as the works of the pioneer Joan Jonas. As with Jonas' art, there is a strong feminist undertone in the works of Ásdís Sif, often presented in a poetic and emotional way. A woman's life stories, experiences and journeys are in the foreground.

Ásdís holds a BFA degree from the School of Visual Arts in New York, graduating in 2000, and a Master's degree from the University of California, Los Angeles, graduating in 2004. She has staged art performances and exhibited video installations in Iceland and abroad, as well as participated in many group exhibitions and created online video art.

Curator: Hlynur Hallsson.



Future Crash
Ásdís Sif Gunnarsdóttir

Starfsfólk Listasafnsins á Akureyri
Employees of Akureyri Art Museum:



Hlynur Hallsson
safnstjóri
director



Guðrún Pálína Guðmundsdóttir
fræðslufulltrúi
museum education



Haraldur Ingi Haraldsson
verkefnastjóri
project manager



Hlynur F. Þormóðsson
kynningarstjóri
PR & web



Ingvar Haraldsson
húsvörður
janitor



Þorbjörg Ásgeirsdóttir
safnfulltrúi
museum coordinator



Sigríður Trampe
móttaka
reception



Heiða Björk Vilhjálmisdóttir
móttaka
reception



Hekla Björt Helgadóttir
móttaka
reception



Hrafnhildur Alfreðsdóttir
móttaka
reception

Listasafnsráð
Advisory Board
of Akureyri Art Museum:

Arndís Bergsdóttir
Helga Björg Jónasardóttir
Joris Rademaker

Stjórn Akureyrarstofu myndar stjórn Listasafnsins
á Akureyri
Board of Akureyri Cultural and Marketing Office:

Unnar Jónsson, formaður / chairman
Sigfús Karlsson, varaformaður / vice chairman
Anna Hildur Guðmundsdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir
Hildur Friðriksdóttir

Útgefandi / Publisher: Listasafnið á Akureyri
Hönnun / Design: Geimstofan
Prentun / Printing: Ásprent
ISBN 978-9979-9955-7-9

Forsíðumynd / Cover photo: Ásdís Sif Gunnarsdóttir, *Abstract Prophecy Conference*
Ljósmyndir / Photographs: Björn Jónsson, Daniel Starrason, Guðrún Þórsdóttir,
L. Barry Hetherington, Völundur Jónsson, Þórgnýr Dýrfjörð, listamenn / artists



Leiðsögn um sýningar
Listasafnsins á Akureyri

Fimmtudaga kl. 12.15-12.45
Aðgangur er ókeypis
Verið velkomin
Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu Listasafnsins:
www.listak.is



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

Sími / Tel: 461 2610
www.listak.is

Kaupvangsstræti 8-12
IS-600 Akureyri



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM

Vetraropnunartími:

september - maí
Þriðjudaga til sunnudaga kl. 12-17

Sumaropnunartími:

júní - ágúst
alla daga kl. 10-17

Winter opening hours:

September - May
Tuesdays to Sundays 12 noon - 5 pm

Summer opening hours:

June - August
Every day 10 am - 5 pm